



Reykjavík, 14. október 2025  
SFS22050078

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

**Efni: Breyting á fyrri samþykkt vegna Tónskóla Sigursveins, samningi vegna neðri stiga tónlistarnáms**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. október 2025 var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 26. september 2025:

Lagt er til að gerð verði sú breyting á fyrri samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 23. júní 2025 og borgarráðs frá 26. júní 2025 að í stað þess að gerður verði þjónustusamningur til þriggja ára við Tónskóla Sigursveins verði gerður viðauki við samning aðila dags. 18. ágúst 2017 með síðari viðaukum með gildistíma til 31. júlí 2026. Beiðni um breytingu á lágmarki kennslumagns er því synjað. Á samningstímanum fari fram nánari skoðun á beiðni skólans um breytingar á lágmarki kennslumagns sem getið er um í samningi. Að öðru leyti gildir samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 23. júní 2025 og borgarráðs frá 26. júní 2025.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Samningurinn við Tónskóla Sigursveins er í samræmi við aðra samninga sem Reykjavíkurborg hefur gert við tónlistarskólanna í borginni til eins eða þriggja ára.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Tillaga ásamt greinargerð, dags. 26. september 2025



**Reykjavík**



Reykjavík, 26. september 2025

SFS22050078

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### ***Tillaga varðandi breytingu á fyrri samþykkt vegna Tónskóla Sigursveins, samningi vegna neðri stiga tónlistarnáms***

Lagt er til að gerð verði sú breyting á fyrri samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 23. júní 2025 og borgarráðs frá 26. júní 2025 að í stað þess að gerður verði þjónustusamningur til þriggja ára við Tónskóla Sigursveins verði gerður viðauki við samning aðila dags. 18. ágúst 2017 með síðari viðaukum með gildistíma til 31. júlí 2026. Beiðni um breytingu á lágmarki kennslumagns er því synjað. Á samningstímanum fari fram nánari skoðun á beiðni skólans um breytingar á lágmarki kennslumagns sem getið er um í samningi. Að öðru leyti gildir samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 23. júní 2025 og borgarráðs frá 26. júní 2025.

### **Greinargerð:**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. júní 2025 og í borgarráð þann 26. júní 2025 var samþykkt að gera þjónustusamning við Tónskóla Sigursveins vegna neðri stiga til þriggja ára en viðauki við fyrri samning rann út þann 31. júlí sl. Samkvæmt samþykktinni er gert ráð fyrir að lágmarki 13.178 kennslustundum. Á sama tíma var samþykkt að gera þjónustusamninga við þrjá aðra tónlistarskóla í Reykjavík, til þriggja ára sem uppfylltu skilyrði um lágmarksfjölda nemenda, öðrum var boðið að framlengja samninga um eitt ár með viðauka. [Framlögð gögn vegna afgreiðslu málsins má sjá hér.](#)

Með bréfi Tónskóla Sigursveins, dags. 14. ágúst sl., var óskað eftir að lágmarks kennslumagn í þjónustusamningi Tónskóla Sigursveins við Reykjavíkurborg vegna neðri stiga verði 14.658 stundir í stað 13.178 stunda og verð á stund miðist við 19.000 kr.- sem sé lægra en meðaltalið sem greitt er fyrir stundina til tónlistarskólanna í Reykjavík. Tekið var fram að ef verð á stund er lækkað í 17.940 kr. feli breytingarnar ekki í sér útgjaldaaukningu m.v. fyrirliggjandi drög og heildarfjárhæð m.v. eitt skólaár og er innan þegar samþykkrar fjárhæðar eða kr. 262.970.849.- Þann 29. ágúst sl. bárust viðbótarupplýsingar vegna málsins. Með bréfi skóla- og frístundasviðs, dags. 8. september sl. var Tónskólanum tilkynnt um að til stæði að leggja til við skóla- og frístundaráð að synjað verði beiðni Tónskólans um að kennslumagn í þjónustusamningi Tónskóla Sigursveins við Reykjavíkurborg vegna neðri stiga verði 14.658 stundir í stað 13.178 stunda. Þann 15. september sl. bárust viðbrögð Tónskólans.

Með vísan til framangreinds er það mat skóla- og frístundasviðs að ekki sé tilefni til að fallast á beiðni Tónskólans um umbeðna breytingu enda getur Tónskólinn á grundvelli samningsins og reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla ráðstafað fleiri nemendastundum en fram kemur í þjónustusamningi en aukin þjónusta skólans hefur ekki áhrif á fjárhæð framlags, sbr. gr. 9.2 í framangreindum reglum. Þá



verði jafnframt að hafa í huga að sömu aðferð er beitt gagnvart öllum tónlistarskólum sem stendur til boða að gera þjónustusamning við Reykjavíkurborg.

Í kjölfar framangreindra samskipta óskaði skóla- og frístundasvið upplýsinga um hvort Tónskólinn hefði vilja til að gera viðauka við þjónustusamning frá árinu 2017 í stað samnings til þriggja ára og að á samningstímabilinu færi fram frekari skoðun á athugasemdum. Fengust þær upplýsingar að Tónskólinn samþykkti þá nálgun.

Á framangreindum grundvelli var Tónskólanum boðið að undirrita viðauka við þjónustusamning dags. 18. ágúst 2017 með síðari viðaukum en gerður var fyrirvari um samþykki skóla- og frístundaráðs og borgarráðs. Viðaukinn hefur verið undirritaður af báðum aðilum.

#### *Upplýsingagjöf til Tónskóla Sigursveins*

Á fundi sviðsstjóra með skólastjórum tónlistarskóla þann 28. mars 2025 var skólastjórum tilkynnt um forgangsörðun fjárheimilda. Þann 9. apríl 2025 fengu tónlistarskólarnir sendar upplýsingar um ráðgerð áhrif breytingarinnar á framlagi til hvers og eins tónlistarskóla. Með bréfi dags. 21. maí 2025 fengu tónlistarskólar upplýsingar um að lagt verði til endurnýjun þjónustusamninga til þriggja ára við þá tónlistarskóla sem uppfylla skilyrði um lágmarks fjölda nemenda og viðauki til eins árs við aðra tónlistarskóla. Tónlistarskólunum var gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

#### *Fjárhagsleg áhrif*

Ekki er um að ræða breytingu á framlögum frá samþykkt skóla- og frístundaráðs og borgarráðs í júní sl. og því óbreytt að gert er ráð fyrir framangreindu fjármagni vegna neðri stiga í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2025.

Leiði breytingar kjarasamninga til aukinna útgjalda er hækkun fjárframlags háð samþykktum breytingum á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

